

IV. KAFLI
Gildistaka og ákvæði til bráðabirgða.

29. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 3. mgr. 91. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 562/2000 um einkaheimili sem taka börn til dvalar í atvinnuskyni í allt að sex mánuði og reglur nr. 401/1998 um heimili og stofnanir fyrir börn samkvæmt 1.–3. mgr. 51. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, sbr. lög nr. 22/1995.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimili sem hafa leyfi til að taka börn í sveit á sumrin á vegum annarra en barnaverndarnefnda samkvæmt reglugerð, nr. 562/2000, um einkaheimili sem taka börn til dvalar í atvinnuskyni í allt að sex mánuði og heimili sem hafa leyfi skv. reglum nr. 401/1998 um heimili og stofnanir fyrir börn samkvæmt 1.–3. mgr. 51. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, sbr. lög nr. 22/1995, mega starfa út gildistíma leyfisins. Hyggist heimili halda áfram starfsemi eftir að gildandi leyfi rennur út skal lögð fram umsókn í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

Félagsmálaráðuneytinu, 8. apríl 2005.

Árni Magnússon.

Óskar Páll Óskarsson.

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð nr. 879/2004 um Skaftafellspjóðgarð.

1. gr.

Staflíður b í 3. mgr. 11. gr. orðast svo:
Öræfajökull, frá 20. apríl til 15. september, sunnan línu sem dregin er milli hnítpunktanna 609570,392483 og 620811,392483.

2. gr.

Í stað korts í fylgiskjali með reglugerðinni kemur nýtt kort sem birt er í fylgiskjali með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. mgr. 52. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd og öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 7. apríl 2005.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

